



Skógarfang

9 fundur í teymi um afurðir og markaðsmál skógræktar,
símafundur fimmtudaginn 22.mars 2018, kl 11:00

Símanúmer á fundinn: 7557755,
aðgöngunúmer 222 2222

Mætt voru: **Benjamín Örn Davíðsson, Bergrún**
Arna Þorsteinsdóttir, **Björn B. Jónsson, Jóhann**
Gísli Jóhannsson, Gunnar Sverrisson og Hlynur
Gauti Sigurðsson skráði fundinn.
Fundur hófst kl 11:10 og lauk 11:40

Dagskrá:

- Gæðamál og staðar
- Nýsköpun
- Landbúnaðarsýning 2018
- Styrkumsókn hafnað
- Jólatrjáaræktun
- Önnur mál, „Boðið heim í skóg“

Gæðamál og staðar

Björn og Hlynur hafa settið tvo fundi. Eiríkur Þorsteinsson leiðir vinnuna.

Mannvirkjastofnun: Fundarefni: **Ösp** sem byggingarefni. Fundarmenn frá Mannvirkjastofnun voru Björn, Jón og Benedikt. Aðrir fundarmenn voru: Eiríkur, Björn B. J. og Hlynur. Farið var yfir CC staðla og það sem fyrir er á Íslandi. Til eru staðar um burðarvið furu, lerki og greni. Óskað var eftir að vinna samskonar staðal fyrir ösp. Fundarmenn beina ósk til Staðlaráðs Íslands en lýsa ánægju með verkefnið. Björn og Hlynur eru búnir að senda bréf til Staðlaráðs.

IÐNÚ: Fundarefni: **Kennsluefni** fyrir nám í læsi á gæðatimbri. Fundarmenn frá IÐNÚ voru Heiðar Ingi og Völundur. Aðrir fundarmenn voru: Eiríkur, Björn B. J., Hlynur, Ólafur, Björgvin og Gústaf. Farið var inn á útgáfu á stöðlum og kennsluefnis. Von var á svörum frá Svíþjóð um hvort við mættum nota staðlana þeirra og íslenska þá. Ekki var farið nánar út í hvaða form kennsluefnis væri hentugt, en mögulega þarf að skoða aðra möguleika en bara bók.

Nýsköpun

Björn Steinar Blumenstein fékk 200.000 kr styrk frá LSE og samsvarandi frá Skógræktinni. Hann var með sýningu á HönnunarMars og erindi á setningunni í Hörpu sem hvorutveggja vakti mikla lukku. Sýningin sjálf var í Heiðmörk og stóð saman af verkum 23 innlendra sem erlendra hönnuða. Rúv sýndi verkefninu mikinn áhuga og fékk meðal annars góða umfjöllun hjá Gísla Marteini og í Menningarþættinum. Fjölmiðlar koma til með að fjalla meira um sýninguna og nú þegar hefur Björn fengið 6 blaðsíðna umfjöllun um sig í blaði HönnunarMars.

Landbúnaðarsýning

LSE fær úthlutað 18 fermetra bás á Landbúnaðarýningunni og Skógræktin með 9 fm.

Styrkumsókn hafnað

Umsókn um styrk hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins vegna Viðarmagnsúttektar á landsvísu var hafnað. Sótt var eftir styrk að upphæð 22,5 milljónir og átti heildar fjármögnun verkefnisins að vera 49 milljónir. (frekari umfjöllun í fyrri fundargerðum.)

Jólatrjáaræktun

Hrönn Guðmundsdóttir hefur tekið að sér umsjón með vinnuóp sem vinnur að mótun framtíðarstarfs jólatrjáaræktar skógarbænda. Hópurinn hefur ekki enn komið saman. Nefndin: Hrönn Guðmundsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Sighvatur Jón Þórarinnsson, Anna Ragnarsdóttir og Sólveig Jónsdóttir.

Önnur mál

„**Boðið heim í skóg**“ er heiti námskeiðs sem er ætlað áhugafólki um skógrækt, skógareigendum og starfsfólki í skógrækt og öðrum þeim sem hafa áhuga á að taka á móti hópum í skóglendi. Það verður haldið á laugardaginn kemur (24.mars 2018) og er sameiginlegt verkefni samstarfsaðila um skógarfræðslu þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslunnar, Landsamtaka skógareigenda, Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarinnar.

Næsti fundur fyrirhugaður 10.apríl á Akureyri. Væntanlega kl 16:00. Nánari staðsetning auglýst síðar.